

Nd. **289. Breytingartillögur** **[106. mál]**

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. 2. málslíður orðist svo:

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, skulu matsveinar, vélstjórar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. Við 2. gr. í stað „kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð“ komi: kr. 1000.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.